

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að gönguþverun yfir Fiskislóð norðan hringtorgs við Ánanaust verði merkt sem gangbraut. Gangbraut skal merkt beggja vegna vegar með umferðarmerkinu D02.11 og yfirborð vegar með merkingunni M13 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. Að banna lagningu ökutækja við austurkant Auðarstrætis og við norðurkant Bollagötu frá Auðarstræti að Gunnarsbraut. Stöðubann skal merkt með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
3. Að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Háteigsveg 6. Bílastæði er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
4. Að afmarkað verði bifreiðastæði fyrir hreyfihamlaða við Hátún 39. Bílastæði er merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
5. Að hámarkshraði á eftirtöldum götum verði 30 km/klst.:
 - Arnarhlíð
 - Fálkahlíð
 - Haukahlíð
 - Hlíðarenda
 - Smyrilshlíð
 - ValshlíðBoð um hámarkshraða skal merkt samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 16. september 2019.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. október 2019